

24. Ársþing KAÍ, 26. febrúar 2011

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2010 - 2011:.....	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
Frá formanni.	4
Landslið Íslands vorið 2010.	5
Nýir Landsliðsþjálfarar.	6
Nýir karatedómarar.	6
23. Karateþing 2010.	7
25. ára afmæli Karatesambands Íslands.	9
ÍSÍ færir KAÍ afmælisgjöf á 25 ára afmælinu.	9
Landslið Íslands í karate fer til keppni í Svíþjóð.	10
Góður árangur á sænska bikarmótinu í kata.	11
Frábær árangur á Malmö Karate Open.	12
Átta landsliðsmenn í Karate á Norðurlandameistaramót í Tallinn Eistlandi.	13
Jóhannes Gauti Óttarsson Norðurlandameistari í Kumite.	14
Nýir dómarar í kumite.	15
GrandPrixmeistarar 2009 - 2010 í karate krýndir.	15
Bikarmeistarar KAÍ 2009 - 2010 í karate krýndir.	16
Nýir kumite-dómarar.	17
Landslið Íslands í karate fer til keppni í Svíþjóð.	18
Góður árangur á Stokkhólm Open.	18
Katadómaranámskeið.	20
Viðurkenning fyrir Norðurlandameistaratitil 2010.	20
Karatekona og karatemaður ársins 2010.	21
NEFNDIR.....	23
Aganefnd	23
Dómaranefnd	23
Landsliðsnefnd	23
Mótanefnd	23
Fréttabréf Landsliðsnefndar	24
5 tbl, janúar 2010.....	24
6 tbl, maí 2010.....	27
MÓT Á ÁRINU 2010	31
2. GrandPrix mót KAÍ 2009-2010.....	31
2. Bikarmót KAÍ 2009-2010.	33
Íslandsmeistaramót unglunga í Kata 2010	34
Íslandsmeistaramót barna í kata 2010	36
Íslandsmeistaramót fullorðinn í Kata 2010.	37
3. GrandPrix mót KAÍ 2009-2010.....	39
3. Bikarmót KAÍ 2009-2010.	41
1. Bikarmót KAÍ 2010-2011.	42
1. Bushidomótið 2010-2011.	43
Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2010.....	45
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2010.....	47
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.	50

Karatesamband Íslands

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	52
REGLUGERÐIR 2010.....	55
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.....	55
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	60
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	61
REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	62
REGLUR UM KARATEDÓMARA.	64
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	65
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	66
REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2010	67
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2010	69

Stjórn KAÍ 2010 - 2011:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Helgi Jóhannesson	vara-formaður
Einar Þórarinnsson	ritari
Guðni Már Egilsson	gjaldkeri
Daníel Sigurðsson	meðstjórnandi
Arnar Þór Björgvinsson	varamaður
Indriði Jónsson	varamaður
Jón Ingi Þorvaldsson	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2010 var karatemönnum gjöfult. Við eignuðumst okkar annan Norðurlandameistara á NM í Tallinn, Eistlandi, Jóhannes Gauta Óttarsson, í flokki 14 – 15 ára í kumite. Var hann vel að titlinum kominn og óskum við honum til hamingju með árangurinn.

Karatesambandið var stofnað fyrir 25 árum og gerðum við okkur dagamun í enda febrúar 2010. Karatedagurinn var haldinn í Íþróttahúsi Menntavísindasviðs HÍ og opið hús var á Kaffi Easy þar sem karatemönnum var boðið upp á veitingar í tilefni afmælisins. Eins voru gamlar myndir, tímarit og bæklingar sem gefnir höfðu verið út á Íslandi til sýnis auk muna úr starfi sambandsins í gegnum árin.

Nú eru allar ársskýrslur utan tvær og allar þinggerðir utan fjórar aðgengilegar á vef sambandsins auk upplýsinga um stjórnir síðustu 25 ára, úrslit flestallra móta á vegum KAÍ í gegnum árin og allir Íslandsmeistara eru listaðir upp og ýmis tölfræði sem Helgi Jóhannesson tók saman. Vil ég sérstaklega þakka Helga fyrir aðstoðina en einnig fyrri stjórnarmönnum og formönnum fyrir myndir og upplýsingar, þegar ég leitaði til þeirra í byrjun ársins 2010. Má þar nefna Stefán Alfreðsson, Hannes Hilmarsson, Karl Gauta Hjaltason og Ólaf Wallevik sem allir tengjast upphafsárum Karatesambandsins.

Rétt er einnig að þakka Forseta og stjórn ÍSÍ fyrir stuðninginn í gegnum árin en þau heiðruðu þrjá karatemenn í tilefni af 25 ára afmæli KAÍ, þau Halldór Svavarsson, Eddu Blöndal og Helga Jóhannesson, með því að veita þeim silfurmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu Karatesambandsins og við útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi.

Þá vil ég einnig þakka fjölmiðlum landsins aukinn áhuga að karateíþróttinni, þá sérstaklega Morgunblaðinu, mbl.is, Fréttablaðinu og RÚV sem hafa verið dugleg við að birta úrslit móta og taka viðtöl við keppnisfólk okkar að þeim loknum.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum fyrir góð störf á síðasta ári og vona að hreyfingin fái notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Landslið Íslands vorið 2010.

Sunnudaginn 10 Janúar fóru fram æfingar Landsliðsnefndar í Kata og Kumite og í kjölfarið á þeim var tilkynnt um val á landsliði Íslands fyrir vorið 2010, en það var skipað eftirfarandi keppendum.

A landslið:

Kumite:

- Ari Sverrisson
- Arnór Ingi Sigurðsson
- Kristján Ó Davíðsson
- Ragnar Eypórsson (Junior)
- Telma Rut Frímannsdóttir (Junior)
- Jóhannes Gauti Óttarson (Cadet)

Kata:

- Hekla Helgadóttir
- Aðalheiður R. Harðardóttir (Junior)
- Kristján Helgi Carrasco (Junior)

B landslið:

Kumite:

- Guðbjartur Ísak Ásgeirsson
- Arnar Freyr Nikulásson (Junior)
- Elías Guðni Guðnason (Cadet)

Kata:

- Birkir Indriðason (Cadet)
- Heiðar Benidiktsson (Cadet)
- Davíð Freyr Guðjónsson (Cadet)
- Kristín Magnúsdóttir (Cadet)
- Svana Katla Þorsteinsdóttir (Cadet)



Hópurinn ásamt þjálfurum. Á myndina vantar Ara Sverrisson, Svönu Kötlu Þorsteindóttur og Guðbjart Ísak Ásgeirsson.

Nýir Landsliðspjálfarar.

Ráðnir voru landsliðspjálfarar í bæði kata og kumite. Það voru þeir Andri Sveinsson sem fer fyrir kumiteliðinu og Ásmundur Ísak Jónsson sem fer fyrir Kataliðinu. Báðir tveir hafa gífurlega keppnisreynslu og eru margfaldir Íslandsmeistarar. Undanfarið hafa ekki verið við störf fastir landsliðspjálfarar og var það mikil lyftistöng að hafa fengið þá til að taka þetta metnaðarfulla starf að sér.



Andri Sveinsson og Ásmundur Ísak Jónsson

Nýir karatedómarar.

Karatesambandið stóð fyrir dómara námskeiði í Kata og sá Helgi Jóhannesson, EKF A-dómari, um námskeiðið sem haldið var laugardaginn 16. janúar í íþróttahúsi Breiðabliks í Smáranum. 35 manns sóttu dómara námskeiðið. Af þeim sem sóttu námskeiðið þá fóru 18 einstaklingar í skriflegt próf og 14 einstaklingar fóru í verklegt próf. Af þeim þá stóðust 7 einstaklingar prófið og fengið ný eða uppfærð réttindi. Auk þess var einn dómari að endurnýja réttindi sín.



Þátttakendur á kata dómaranámskeiði KAÍ.

Þeir sem fengu ný réttindi, Kata B-dómari, eru;

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, KAK
Birkir Jónsson, Þórshamri
Eydís Líndal Finnbogadóttir, KAK
Hekla Helgadóttir, Þórshamri
Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamri
Tómas Árnason, KAK

Þeir sem fengu ný réttindi, Kata A-dómari eru;

Ágústa Rósa Andrésdóttir, KAK

Þeir dómara sem endurnýjuðu sín réttindi eru;

Reinharð Reinharðsson, KFR, sem Kata A-dómari

23. Karateþing 2010.

23. Karateþing 2010 var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal laugardaginn 27. febrúar. Tæplega 30 þingfulltrúar tóku þátt í þingstörfum.

Helgi Jóhannesson var þingforseti og Jón Ingi Þorvaldsson þingritari.

Í tilefni að því að 25 ár voru frá stofnun KAÍ heiðraði ÍSÍ þrjá karatemenn fyrir árangur þeirra í íþróttinni og störf þeirra fyrir hreyfinguna, þau Edda Blöndal, Halldór Svavarsson og Helga Jóhannesson.



Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, Helgi Jóhannesson, Edda Blöndal og Halldór Svavarsson eftir að hafa tekið við Silfurmerki ÍSÍ frá Ólafi.

Edda Lúvísa Blöndal f: 15.09.1976 – Karatefélagið Þórshamar

Edda á glæstan keppnisferil að baki, varð 24 sinnum Íslandsmeistari í einstaklingsgreinum, auk þess að vera í sigurliði Þórshamars í liðakeppni bæði í kata og kumite. Hún var fastamaður í landsliði Íslands og tók þátt í Norðurlanda-, Evrópu- og Heimsmeistaramótum í karate. Hún vann tvisvar til bronsverðlauna á tveimur Norðurlandameistaramótum auk verðlauna á opnum mótum erlendis. Hún hefur verið valin karatekona ársins fimm sinnum.

Edda hefur verið öflug í starfi Karatefélagsins Þórshamars og verið fyrirmynd annarra kvenna í íþróttinni árum saman.

Halldór Guðbjartur Svavarsson f: 23.12.1966 – Karatefélag Reykjavíkur

Halldór á glæsilegan keppnisferil að baki. Hann varð Norðurlandameistari 1989 og vann til silfurverðlauna á NM 1994. Hann vann 18 Íslandsmeistaratitla í einstaklingskeppni í kumite auk þess að vera í sigurliði KFR og Fylkis í liðakeppni. Hann var fastamaður í landsliði Íslands árum saman og keppti á Norðurlanda-, Evrópu- og Heimsmeistaramótum auk opinna móta í Evrópu með góðum árangri. Hann var valinn karatemaður ársins fimm sinnum.

Halldór var Landsliðsþjálfari í kumite 1996 – 2002 og var stjórnarmaður í stjórn KAÍ 1998- 2009, sem meðstjórnandi og vara-formaður.

Hann tók þátt í að byggja upp Karatedeild Fylkis en hefur verið þjálfari hjá Karatefélagi Reykjavíkur hin síðari ár.

Helgi Jóhannesson f: 04.11.1967 – Karatedeild Breiðabliks

Helgi á langan og glæstan keppnisferil að baki. Hann vann til silfurverðlauna á Norðurlandameistaramótinu 1989, vann til gullverðlauna á Íslandsmeistaramótinu í Kumite það sama ár og var valinn karatemaður Breiðabliks, UMSK og Kópavogs fyrir árangurinn. Hann vann til 5 Íslandsmeistaratitla í einstaklingsgreinum auk þess að vinna til verðlauna í liðakeppni bæði í kata og kumite. Helgi var í landsliðinu í kumite og tók þátt í mótum erlendis.

Hann snéri sér að dómgæslu með góðum árangri og er nú með B-réttindi kumitedómara og A-réttindi katadómara frá Evrópusambandinu, EKF, og hefur verið aðaldómari á mótum hér innanlands hin síðari ár auk þess að dæma fyrir Íslands hönd á Norðurlanda- og Evrópumeistaramótum. Hann hefur gengt trúnaðarstörfum fyrir KAÍ, setið í dómaranefnd og aganefnd auk þess að vera skoðunarmaður

reikninga í mörg ár.

Hann hefur verið í stjórn KAÍ með hléum, árin 1989–1993, 1998-1999, 2001-2002, 2009-2010 og er nú vara-formaður sambandsins.

Karateþingið var ekki mikið átakþing að þessu sinni en gekk vel fyrir sig. Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður en tveir nýir stjórnarmenn voru kosnir í stjórn sambandsins, þeir Guðni Már Elíasson og Einar Þórarinnsson. Tveir nýir voru líka kosnir í varastjórn, Jón Ingi Þorvaldsson og Arnar Þór Björgvinsson.

Í beinu framhaldi af þinginu var haldinn formannafundur með formönnum karatefélaga og -deilda með nýrri stjórn þar sem rædd voru sameiginleg mál félaganna og hvernig stjórnin gæti verið þeim til aðstoðar í starfinu.

25. ára afmæli Karatesambands Íslands.

Karatesamband Íslands hélt upp á 25 ára afmæli sitt sunnudaginn 28. febrúar með því að halda karatedaginn hátíðlegan.

Um morguninn var haldin æfing fyrir félaga úr öllum karatefélögum og voru þjálfarar á æfingunum þeir Poh Lim, 6. Dan frá Noregi, Ólafur Helgi Hreinsson 3. Dan og Andri Sveinsson, 1. Dan og landsliðsþjálfari í kumite.



Frá setningu Karatedagsins 2010.

Milli kl. 14.00 og 16.00 bauð Karatesambandið öllum velunnurum sínum í kaffiveitingar í Kaffi Easy, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þar sem einnig var sýning á gömlum myndum frá mótum og starfi karatefélaganna, blöð og bæklingar sem gefin hafa verið út um karate í gegnum árin og búningar landsliðsmanna auk annars frá 25 ára sögu þess.

Þá var opnaður vefur þar sem margt af þessum heimildum er komið á tölvutækt form.

ÍSÍ færir KAÍ afmælisgjöf á 25 ára afmælinu.

Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, færði stjórn KAÍ afmælisgjöf í tilefni af 25 ára afmæli sambandsins fimmtudaginn 4. mars.

Um hátíðarskjöld og peningagjöf var að ræða og veitti formaður KAÍ, Reinharð Reinharðsson gjöfinni viðtöku.



Reinharð Reinharðsson og Ólafur Rafnsson

Landslið Íslands í karate fer til keppni í Svíþjóð.

Laugardaginn 27. mars héldu landsliðsmenn í karate á tvö mót í Svíþjóð. Annars vegar fóru íslensku landsliðsmennirnir í kata á sænska Kata Bikarmótið sem haldið var í Stokkhólmi, en íslenskir keppendur hafa farið á það mót undanfarin ár með góðum árangri. Auk þess fóru landsliðsmenn í kumite á Malmö Open sem er firnasterkt kumitemót. Þessi ferð var liður í undirbúningi landsliðsfólksins fyrir Norðurlandameistaramótið sem haldið verður í Tallin Eistlandi 10-11 apríl næstkomandi. Auk landsliðsmanna fara aðrir karatekeppendur með í för en hópurinn sem fer út telur um 35 keppendur. Með í för til Svíþjóðar voru landsliðsþjálfararnir Ásmundur Ísak Jónsson og Andri Sveinsson.



Á myndinni má sjá hluta keppnishópsins ásamt landsliðsþjálfurum.

Á myndinni eru, í efri röð frá vinstri; Ásmundur Ísak Jónsson, Jónas Atli Gunnarsson, Kristján Ó. Davíðsson, Kristján Helgi Carrasco, Kristín Magnúsdóttir, Arnór Ingi Sigurðsson, Birkir Indriðason, Heiðar Benediktsson, Davíð Freyr Guðjónsson, Davíð Karlsson, Andri Sveinsson. Í neðri röð frá vinstri; Elías Guðni Guðnason, Jóhannes Gauti Óttarsson, Jóhanna Brynjarsdóttir, Telma Rut Frimannsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Karl Friðrik Schiöth, Arnar Nikulásson. Á myndina vantar landsliðsfólkið Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Heklu Helgadóttur og Ragnar Eypórsson.

Góður árangur á sænska bikarmótinu í kata.

Íslenski hópurinn, sem fór á Kata Pokalen nú um helgina samanstóð af 12 keppendum frá Þórshamri og 9 frá Breiðabliki og náði hópurinn góðum árangri á mótinu, hreppti alls 7 verðlaunasæti, 6 bronzverðlaun og 1 silfurverðlaun.

Að öðrum ólöstuðum má segja að Hekla Helgadóttir hafi náð beztum árangri okkar keppenda en hún tók þriðja sætið í kvennaflokknum. Þetta er í fyrsta skipti sem Hekla keppir í flokki svartbeltinga en hún vann til verðlauna í flokki brúnbeltinga í fyrra. Rétt eins og í fyrra þá voru það sænsku kata-kanónurnar þær Karin Hägglund og Micaela Byström sem tóku efstu tvö sætin í svartbeltingaflokknum. Hekla laut í lægra haldi fyrir Karin í undanúrslitum en skákaði tveimur öðrum sterkum keppendum á leið sinni í þriðja sætið.

Silfur- og bronzverðlaun náðust í flokki 14-15 ára drengja í hópkata. Í öðru sæti varð sveit Þórshamars, skipuð þeim Pjetri Stefánssyni, Kormáki Jarli Gunnarssyni og Jónasi Inga Kristjánssyni. Í þriðja sæti varð svo sveit Breiðabliks skipuð Birki Indriðasyni, Heiðari Benediktssyni og Davíð Frey Guðjónssyni. Í fyrsta sæti í þeim flokki var firnasterk sveit frá Finnlandi.

Hópkatalið þeirra Heklu Helgadóttur, Diljár Guðmundardóttur og Kristínar Magnúsdóttur náði þriðja sæti í liðakeppni kvenna 16 ára og eldri.

Karl Friðrik Schiöth náði 3. sæti í flokki lengra kominna 13 ára pilta, Ingólfur Gylfason fékk bronzverðlaun í flokki styttra kominna 13 ára pilta og Bogi Benediktsson náði bronzverðlaunum í flokki 12 ára drengja.

Þess má einnig geta að Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir náðu báðar langt í fjölmönnum flokki 14-15 ára stúlkna og kepptu báðar um bronzverðlaun en töpuðu naumlega. U.þ.b. 40 keppendur voru í þeim flokki.



Hópurinn með þjálfurum og fararstjórum í mótslok.

Hópurinn fór síðan í heimsókn til sænsku krakkanna í Budogymnasiet og átti með þeim feiknaskemmtilega kvöldstund þar sem m.a. var háð æsispennandi keppni í RockBand annars vegar og Twister hins vegar.

Með í för voru Jón Ingi Þorvaldsson og Ásmundur Ísak Jónsson sem fararstjórar og liðsstjórar auk þess sem nokkrir foreldrar voru hópnun til halds og trausts.

Frábær árangur á Malmö Karate Open.

Íslensku keppendurnir í Malmö gerðu það virkilega gott á Malmö Karate Open laugardaginn 27. mars.

2 Gull, 5 Silfur og 5 brons var uppskeran.

Gull

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, KAK, í Junior Kata
Arnór Ingi Sigurðsson, Haukum, Kumite Senior, -75 kg

Silfur,

Telma Rut Frímannsdóttir, Aftureldingu, kumite Junior +53 kg
Kristján Helgi Carrasco, Aftureldingu, Kata Junior
Arnor Ingi Sigurðsson, Haukum, Kumite Senior Elite -75
Gubjartur Ísak Ásgeirsson, Haukum, Kumite Senior Elite, -68 kg
Eypor Ragnarsson, Breiðblik, Kata +40 ára

Brons:

Karatesamband Íslands

Ragnar Eypórsson, Breiðablik, kumite junior -76 kg

Kristján Ó Davíðsson, Haukum, Kumite Senior Elite -68 kg

Jóhanna Brynjarsdóttir, Fylki, Kumite +53 kg

Kristján Helgi Carrasco, Aftureldingu, Kumite Junior -68 kg

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Kata Senior Elite



Keppendur, þjálfarar og liðsstjórar með uppskeruna eftir mótið.

Allir keppendur voru að gera virkilega góða hluti og með smá heppni hefðu árangurinn orðið enn betri. Telma og Jóhanna voru til að mynda virkilega óheppnar með dómaraúrskurði eftir jafnteflisbardaga, og Ragnar þurfti að hætta keppni þar sem hann varð fyrir sparki í höfuð og læknar bönnuðu honum að halda áfram keppni og svona mætti lengi telja.

Átta landsliðsmenn í Karate á Norðurlandameistaramót í Tallinn Eistlandi.

Helgina 10.-11. apríl var Norðurlandameistaramótið í Karate haldið í Tallinn Eistlandi. Átta landsliðsmenn í karate fóru til keppni frá Íslandi og voru yfir 200 keppendur skráðir til leiks frá öllum Norðurlöndunum auk Eystrasaltsríkjana þriggja sem tóku þátt í mótinu.

Sú nýbreytni var í ár að keppt var í unglingaflokkum auk keppni í fullorðinsflokkum, en keppendum í karate er skipt upp eftir aldri og þyngd. Á laugardeginum var keppt í unglingaflokkum en á sunnudeginum í fullorðinsflokkum. Frá Íslandi fóru átta keppendur til Tallin auk þriggja dómara, tveggja landsliðsþjálfara og tveggja fararstjóra.

Keppendur frá Íslandi voru;

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, kata unglinga og kata fullorðinna

Arnór Ingi Sigurðsson, kumite -75kg

Hekla Helgadóttir, kata fullorðinna

Jóhannes Gauti Óttarsson, kumite unglinga -70kg

Kristján Helgi Carrasco, kata unglinga og kata fullorðinna

Kristján Ó. Davíðsson, kumite -67kg

24. Ársþing KAÍ

26. febrúar 2011



Á meðfylgjandi mynd má sjá keppnishópsins ásamt landsliðsþjálfurum. Í efri röð frá vinstri; Andri Sveinsson Landsliðsþjálfari í Kumite, Arnór Ingi Sigurðsson, Kristján Ó. Davíðsson, Kristján Helgi Carrasco, Ragnar Eypórsson, Ásmundur Ísak Jónsson Landsliðsþjálfari í Kata. Í neðri röð frá vinstri; Jóhannes Gauti Óttarsson, Telma Rut Frímannsdóttir, Hekla Helgadóttir, Aðalheiður Rósa Harðardóttir.

Jóhannes Gauti Óttarsson Norðurlandameistari í Kumite.

Á fyrri degi Norðurlandameistaramótsins í Karate sem fór fram í Tallinn Eistlandi, varð Jóhannes Gauti Óttarsson Norðurlandameistari í kumite Cadetta, -70 kg flokki.

Eftir mjög spennandi úrslitabardaga þar sem staðan var 4-4 eftir venjulegan leiktíma, þá fór bardaginn í framlengingu, sem Jóhannes vann sannfærandi 3-0. Mótherji hans var Dimitri Voronin frá Eistlandi. Var það samdóma álit áhorfenda að þetta var einn skemmtilegasti úrslitabardagi dagsins þar sem í heildina voru skoruð 11 stórglæsileg stig.

Þetta er fyrsti norðurlandameistaratitill Íslands frá því að Halldór Svavarsson vann sinn titil 1989. Að auki unnu Telma Rut Frímannsdóttir brons í kumite Juniora -59kg og Aðalheiður Rósa Harðardóttir brons í kata unglunga. Auk þeirra þriggja þá kepptu Kristján Helgi Carrasco í kumite Juniora -68 kg og kata Juniora og Ragnar Eypórsson í kumite Juniora -76 kg. Báðir stóðu sig feiknaveel en töpuðu báðir bardaga sínum naumlega um bronsverðlaunin í kumite sem og tapaði Kristján bronsinu í kata með minnsta mögulega mun, eða 3-2.



Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Jóhannes Gauti Óttarsson og Telma Rut Frímannsdóttir með verðlaunin á NM í Tallinn.

Nýir dómara í kumite.

Karatesambandið stóð fyrir dómara námskeiði í Kumite föstudaginn 16. apríl í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal, og sá Helgi Jóhannesson, EKF Referee, um námskeiðið. Góð mæting var á námskeiðið og um 20 manns sóttu það. Í framhaldi af námskeiðinu var haldið skriflegt próf og fóru 11 einstaklingar í það.

Á laugardegnum 17. apríl fór svo verklegi hluti prófsins fram þegar Bikarmeistara og GrandPrix mótin stóðu yfir, 8 einstaklingar fóru í verklega prófið. Af þeim fjölda stóðust 4 einstaklingar prófið og fengið ný eða uppfærð réttindi.

Þeir sem fengu ný réttindi, kumite B-meðdómari eru;
Ásmundur Ísak Jónsson, Þórshamri
Tómas Lee Róbertsson, Þórshamri

Þeir sem fengu ný réttindi, kumite A-meðdómari eru;
Birkir Jónsson, Þórshamri
Kristján Ó. Davíðsson, Haukum

GrandPrixmeistarar 2009 - 2010 í karate krýndir.

Laugardaginn 17. apríl fór fram þriðja og síðasta GrandPrix mótið í karate, en það er mótaröð sem samanstendur af þremur mótum yfir keppnisveturinn. Stigahæsti einstaklingurinn eftir þrjú mót stendur uppi sem sigurvegari. Á GrandPrix keppa unglingar frá 12 til 17 ára aldri og miðast flokkurinn við aldur keppenda á fyrsta móti haustsins. Keppt er bæði í kata og kumite þar sem skipt er eftir aldri í kata og aldri og kyni í kumite. Nína Ingólfssdóttir, Víkingi, varð tvöfaldur GrandPrix meistari.

GrandPrix meistarar 2009-2010:

Kata 12 ára; Alexander Leonard Vidal, Fjölni
Kata 13 ára; Harald Sigurvin Þorsteinsson, Víking

Karatesamband Íslands

Kata 14 ára; Nína Ingólfssdóttir, Víking

Kata 15 ára; Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Kata 16-17 ára; Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Akranes

Kumite drengja 12-13 ára léttari; Sindri Pétursson, Víking

Kumite drengja 12-13 ára þyngri; Ólafur Engilbert Árnason, Fylki

Kumite pilta 14-15 ára; Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki

Kumite pilta 16-17 ára; Kristján Helgi Carrasco, Afturelding

Kumite stúlkur 12-13 ára; Helga Kristín Ingólfssdóttir, Fylki

Kumite stúlkur 14-15 ára; Nína Ingólfssdóttir, Víking

Kumite stúlkur 16-17 ára; Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding



Á meðfylgjandi mynd má sjá GrandPrix meistarana.

Í efri röð frá vinstri; Sindri Pétursson, Kristján Helgi Carrasco, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Jóhannes Gauti Óttarsson, Telma Rut Frímannsdóttir og Kristín Magnúsdóttir. Í neðri röð frá vinstri; Harald Sigurvin Þorsteinsson, Ólafur Engilbert Árnason, Nína Ingólfssdóttir, Helga Kristín Ingólfssdóttir og Alexander Leonard Vidal.

Bikarmeistarar KAÍ 2009 - 2010 í karate krýndir.

Laugardaginn 17. apríl fór fram þriðja og síðasta Bikarmeistaramótið í karate, en það er mótaröð sem samanstendur af þremur mótum yfir keppnisveturinn. Stigahæsti einstaklingurinn eftir þrjú mót stendur uppi sem sigurvegari en stig bæði í kumitekeppni og katakeppni eru lögð saman.

Í karlaflokkum var nýr bikarmeistari krýndur, Kristján Helgi Carrasco, Afturelding. Í öðru sæti varð Arnór Ingi Sigurðsson, Haukum, og í þriðja sæti varð Elías Snorrason, Karatefélagi Reykjavíkur.

Karatesamband Íslands

Í kvennaflokki varði Hekla Helgadóttir, Þórshamri, bikarmeistaratitil sinn en þetta er þriðja árið í röð sem Hekla vinnur. Í öðru sæti varð svo Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Akranes, og í þriðja sæti Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding.



Bikarmeistararnir Hekla Helgadóttir og Kristján Helgi Carrasco.

Nýir kumite-dómarar.

Karatesambandið stóð fyrir dómara námskeiði í Kumite föstudaginn 1. október í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal, og sá Helgi Jóhannesson, EKF Referee, um námskeiðið. Góð mæting var á námskeiðið og um 15 manns sóttu það. Í framhaldi af námskeiðinu var haldið skriflegt próf og fóru 4 einstaklingar í það.

Á sunnudeginum 3. október fór svo verklegi hluti prófsins fram þegar Bikarmeistara og Bushido mótin stóðu yfir, 3 einstaklingar fóru í verklega prófið og stóðust þeir allir.

Þeir sem fengu ný réttindi;
Malte Bjarki Morhmann, Þórshamri, B-meðdómari
Eybór Ragnarsson, Breiðablik, A-meðdómari
Ólafur H. Hreinsson, KFR, A-Dómari

Landslið Íslands í karate fer til keppni í Svíþjóð.

Helgina 6.-7. Nóvember kepptu landsliðsmenn í karate á Stokkhólm Open í Svíþjóð, keppt er bæði í kata og kumite, yngri landsliðsmenn kepptu á laugardeginum en eldri á sunnudeginum. Íslenskir keppendur hafa farið á þetta mót undanfarin ár með góðum árangri og hlutu m.a. 3 gullverðlaun fyrir ári síðan og 17 verðlaun í heild sinni. Þessi ferð er liður í keppnisröð landsliðsfólksins á þessum vetri sem mun enda á Norðurlandameistaramóti sem haldið verður í Tampere Finnlandi 16-17 apríl 2011. Auk landsliðsmanna voru aðrir karatekeppendur með í för en hópurinn sem fór út telur um 35 keppendur. Með í för til Svíþjóðar voru landsliðsþjálfararnir Ásmundur Ísak Jónsson og Andri Sveinsson ásamt 3 dómurum.



Á myndinni má sjá landslið Íslands ásamt landsliðsþjálfurum.

Á myndinni eru, í efri röð frá vinstri; Ásmundur Ísak Jónsson, Elías Snorrason, Davíð Freyr Guðjónsson, Birkir Indriðason, Kristján Helgi Carrasco, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Ragnar Eypórsson, Arnór Ingi Sigurðsson, Guðni Pétursson og Andri Sveinsson.

Í neðri röð frá vinstri; Heiðar Benediktsson, Kristín Magnúsdóttir, Hekla Helgadóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Telma Rut Frímannsdóttir, Kristján Ó. Davíðsson, Elías Guðni Guðnason, Jóhannes Gauti Óttarsson og Jóhanna Brynjarsdóttir.

Á myndina vantar landsliðsmanninn Arnar Nikulásson.

Góður árangur á Stokkhólm Open.

Íslenska landsliðið í karate keppti um helgina á sterku móti í Svíþjóð, Stokkhólm Open. Mótið stóð yfir bæði laugardag og sunnudag, yngri landsliðsmenn kepptu á laugardeginum en þeir eldri á sunnudeginum. Um 650 keppendur voru á mótinu frá 12 löndum. Mjög góður árangur náðist og unnust 5 gull um helgina og 28 verðlaun í heildina. Bestum árangri náði Aðalheiður Rósa Harðardóttir sem vann gull í kata junior dangráðu og gull í hópkata junior þar sem hún keppti með Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur og Kristínu Magnúsdóttur, auk þess náði Aðalheiður einum silfurverðlaunum og bronsverðlaunum. Auk Aðalheiðar þá stóð Davíð Freyr Guðjónsson sig mjög vel og vann hann gull í flokki kadet dangráðu auk tvennra bronsverðlauna. Auk þeirra tveggja þá vannst gull í hópkata drengja 11-13 ára og í liðakeppni í kumite kvenna. Árangur í ár var betri heldur en fyrir ári enda hefur landsliðshópurinn lagt mikið á sig í æfingum síðasta árið.



Hópurinn við komuna til Stokkholms.

Hér fyrir neðan má svo sjá nánari úrslit;

Gull kata junior dangráða, Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Gull kata kadet dangráða, Davíð Freyr Guðjónsson
Gull hópkata junior, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Kristín Magnúsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir
Gull teamkumite kvenna, Hekla Helgadóttir, Telma Rut Frímannsdóttir
Gull hópkata 11-13 ára, Bogi Benediktsson, Eiríkur Róbertsson, Breki Guðmundsson
Silfur kumite junior -68kg, Elías Snorrason
Silfur kumite kvenna -61kg, Telma Rut Frímannsdóttir
Silfur kumite junior -61kg, Elías Guðnason
Silfur Kata kadet dangráða, Heiðar Benediktsson
Silfur kata kadet 4-6.kyu, Pjetur Stefánsson
Silfur hópkata senior, Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Hekla Helgadóttir, Kristín Magnúsdóttir
Brons kata junior dangráða, Svana Katla Þorsteinsdóttir
Brons kata junior open, Svana Katla Þorsteinsdóttir
Brons kata junior open, Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Brons kumite kadet, Davíð Freyr Guðjónsson
Brons kumite kadet, Heiðar Benediktsson
Brons kata kadet 1-3.kyu, Karl Friðrik Scioth
Brons kata kadet 4-6.kyu, Agnar Þór Óskarsson
Brons kumite kvenna -55kg, Hekla Helgadóttir
Brons kumite junior -61kg, Sverrir Magnússon
Brons kumite junior +76kg, Eggert Ólafur Árnason
Brons kumite junior +76kg, Bergþór Víkar Geirsson
Brons kumite junior -68kg, Jóhannes Gauti Óttarsson
Brons kumite junior -68kg, kristján H. Carrasco
Brons kumite senior -78kg, Kristján Ó. Davíðsson
Brons kumite senior -78kg, Arnór Ingi Sigurðsson
Brons kumite senior -67kg, Arnar Freyr Nikulásson
Brons hópkata junior, Birkir Indriðason, Davíð Freyr Guðjónsson, Heiðar Benediktsson

Katadómaranámskeið.

Dómaranefnd KAÍ hélt katadómaranámskeið með Sensei Henrik Larsen 7. Dan IOGKF laugardaginn 20. nóvember í æfingaaðstöðu KFR. Fór hann í helstu atriði í Goju Ryu kata og hvað skilur þær frá Shotokan og Shito Ryu kata.
10 katadómara tóku þátt í námskeiðinu.



Katadómararnir með Sensei Henrik Larsen.

Viðurkenning fyrir Norðurlandameistaratitil 2010.

Stjórn Karatesambands Íslands veitti Jóhannesi Gauta Óttarssyni sérstaka viðurkenningu fyrir frábæran árangur á árinu en Jóhannes varð Norðurlandameistari í kumite unglunga 14-15 ára, á Norðurlandameistaramótinu sem fór fram í apríl á þessu ári í Tallinn, Eistlandi.



Jóhannes Gauti Óttarsson.

Karatekona og karatemaður ársins 2010.

Stjórn Karatesamsambands Íslands útnefndi eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2010.

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Karatefélagi Akraness, var útnefnd karatekona ársins 2010. Aðalheiður er ung að árum en hefur verið í landsliði Íslands í karate undanfarin tvö ár og keppt á mótum bæði innanlands og utan. Hún keppir í báðum greinum karate, kata og kumite og hefur náð góðum árangri í þeim en hún hefur keppt bæði í unglingaflokkum og í fullorðinsflokkum. Helsti árangur Aðalheiðar á árinu er bikarmeistaratitill unglinga, bronsverðlaun á Norðurlandameistaramóti auk þrenna gullverðlauna í unglingaflokkum á mótum erlendis. Aðalheiður Rósa er verðugur fulltrúi kvenna í karateíþróttinni.

Kristján Helgi Carrasco, UMF Afturelding, var útnefndur karatemaður ársins 2010. Kristján Helgi er landsliðsmaður í karate og keppir í báðum greinum karate, kata og kumite. Hann hefur náð góðum árangri á árinu bæði innanlands og utan en Kristján Helgi hefur keppt bæði í unglingaflokkum og í fullorðinsflokkum. Helsti árangur Kristjáns á árinu er bikarmeistaratitill fullorðinna og GrandPrixmeistaratitill unglinga, Íslandsmeistartitill í kata unglinga ásamt þrennum verðlaunum á erlendum mótum. Kristján Helgi er vaxandi karatemaður og verðugur fulltrúi karla í karate.



Kristján Helgi Carrasco og Aðalheiður Rósa Harðardóttir.

Helsti árangur Aðalheiðar Rósu á árinu 2010:

- 1.sæti, GrandPrixmeistaramót 2009-2010, kata 16-17 ára
- 3.sæti, Norðurlandameistaramót, kata junior
- 1.sæti, Malmö karate open, kata junior
- 1.sæti, Stockholm open, kata junior dangráða
- 1.sæti, Stockholm open, hópkata junior
- 2.sæti, Stockholm open, hópkata senior
- 3.sæti, Stockholm open, kata junior open
- 3.sæti, Malmö karate open, kata senior Elite

Helsti árangur Kristjáns Helga á árinu 2010:

- 1.sæti, Bikarmeistaramót 2009-2010
- 1.sæti, GrandPrixmeistaramót 2009-2010, kumite piltar 16-17 ára
- 1.sæti, Íslandsmeistaramót 2010, junior, kata drengir 16-17 ára
- 2.sæti, Malmö karate open, kata junior
- 3.sæti, Malmö karate open, kumite junior -68kg
- 3.sæti, Stockholm open, kumite junior -68kg

NEFNDIR

Aganefnd

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Gísli Magnússon

Magnús Kr. Eyjólfsson

Willem Cornelis Verheul

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Guðni Már Egilsson

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Helgi Jóhannesson - formaður

Reinharð Reinharðsson

Gunnlaugur Sigurðsson

Landsliðsnefnd

Eyþór Ragnarsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Jón Ingi Þorvaldsson

Mótanefnd

Þórunn Ýr Elíasdóttir - formaður

Willem Cornelis Verheul

Arnar Þór Björgvinsson

Óskar Hannesson

Ögmundur Albertsson

Fréttabréf Landsliðsnefndar

5 tbl, janúar 2010

2009

Landsliðsnefnd vill þakka þeim fjölmörgu sem gerðu árið 2009 að glæsilegu karateári. Á árinu voru haldnar um 100 landsliðsæfingar í kata og kumite. Erlendu mótin voru 5, Sænska Katamótið í Stokkhólmi, Krokoyama Cup í Þýskalandi, NM í Danmörku, Copenhagen Open og Stockholm Open. Mótin voru mismunandi að styrkleika og góður árangur náðist á mörgum þeirra. Þeim sem vilja rifja upp árið í máli og myndum er bent á fyrri fréttabréf landsliðsnefndar og vef KAI.

Landsliðspjálfarar

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að ráðnir hafa verið landsliðspjálfarar í bæði kata og kumite. Það eru þeir Andri Sveinsson sem fer fyrir kumiteliðinu og Ásmundur Ísak Jónsson sem fer fyrir Kataliðinu. Báðir tveir hafa gífurlega keppnisreynslu og hafa stjórnað ófáum landsliðsæfingum síðustu misseri. Undanfarið hafa ekki verið við störf fastir landsliðspjálfarar og er það mikil lyftistöng fyrir landsliðið að hafa fengið þá til að taka þetta mikilvæga starf að sér. Við bjóðum þá báða velkomna til starfa.



Andri Sveinsson og Ásmundur Ísak Jónsson

Landslið Íslands vorið 2010

24. Ársþing KAÍ

26. febrúar 2011

Karatesamband Íslands

Sunnudaginn 10. janúar s.l. fóru fram æfingar Landsliðsnefndar í Kata og Kumite og í kjölfarið á þeim var tilkynnt um val á landsliði Íslands fyrir vorið 2010, en það er skipað eftirfarandi keppendum.

A landslið:

Kumite:

- Ari Sverrisson
- Arnór Ingi Sigurðsson
- Kristján Ó Davíðsson
- Ragnar Eyþórsson (Junior)
- Telma Rut Frímannsdóttir (Junior)
- Jóhannes Gauti Óttarson (Cadet)

Kata:

- Hekla Helgadóttir
- Aðalheiður R. Harðardóttir (Junior)
- Kristján Helgi Carrasco (Junior)

B landslið:

Kumite:

- Guðbjartur Ísak Ásgeirsson
- Arnar Freyr Nikulásson (Junior)
- Elías Guðni Guðnason (Cadet)

Kata:

- Birkir Indriðason (Cadet)
- Heiðar Benidiktsson (Cadet)
- Davíð Freyr Guðjónsson (Cadet)
- Kristín Magnúsdóttir (Cadet)
- Svana Katla Þorsteinsdóttir (Cadet)



Hópurinn ásamt þjálfurum. Á myndina vantar Ara Sverrisson, Svönu Kötlu Þorsteindóttur og Guðbjart Ísak Ásgeirsson.

Við val á landsliði er aðallega horft til eftirfarandi þátta:

- Árangurs á landsmótum (Íslands, bikar og Grand Prix)
- Árangurs á mótum erlendis og styrkleika þeirra móta
- Fjölda erlendra móta sem keppandi hefur tekið þátt í (keppnisreynsla erlendis)
- Árangurs á þolprófi sem landsliðsnefnd stendur reglulega fyrir
- Mæting á samæfingar s.l. ár, framfarir, áhugi og metnaður

Um 30 iðkendur mættu á þessa fyrstu opnu landsliðsæfingu ársins og var einkar ánægjulegt að sjá svo marga mæta og það boðar ekkert annað en gott. Næsta val á landsliði fer væntanlega fram í ágúst.

Æfingar framundan

Nýtt æfingaplan er komið á [upplýsingaskjal Landsliðsnefndar](#). Með tilkomu nýrra landsliðþjálfara þá breytist æfingaplanið töluvert frá því sem verið hefur. Hugmyndin er að fara í markvissari þjálfun fyrir hvern og einn með metnaðarfullum æfingaáætlunum og eftirfylgni þeirra. Við höldum þó áfram með samæfingar í kumite einu sinni í viku sem flakka á milli félaga eins og áður. Landsliðsþjálfarar munu síðan halda séræfingar og opnar æfingar sem settar verða inná planið þegar þær liggja fyrir.

Æfingabúðir verða fyrir kumite með Hollenskum þjálfara, Bregja Sijpesteijn, 5. dan, dagana 28.-30. jan. n.k. Dagskrá æfingabúðanna verður send út fljótlega.

Gerum ráð fyrir æfingahelgi á Akranesi í febrúar fyrir bæði kata og kumite.

Mót framundan

Fyrst skal þar nefna NM í Tallin í Eistlandi dagana 10.-11 apríl. A landslið Íslands mun keppa á því móti, en nú verður í fyrsta skipti einnig keppt í Junior og Cadet flokkum á NM.

Tvö mót verða síðan 27. mars. Fyrst skal nefna Sænska Katamótið í Stokkhólmi sem keppendur frá Íslandi þekkja vel. Sama dag verður haldið opið mót í Malmö, og er ætlunin að þeir sem leggja meiri áherslu á kumite fari á það mót. Þar er hins vegar einnig keppt í kata í Malmö, þannig að það er undir hverjum og einum komið á hvort mótið hann kys að fara. Við þekkjum katamótið, þar eru fleiri flokkar (beltaflokkar), hópkata osfrv og því mælum við með því að katakeppendur fari á það.

Sænsku mótin eru svokölluð klúbbamót, það er við reynum að fara öll saman sem hópur en félögin bera ábyrgð á sínum keppendum. Landsliðsnefnd mun sjá um skráningar á mótið sem og að útvega verð í flug og gistingu. **Við þurfum að vita fyrir 20. jan. fjöldann sem hefur áhuga á að fara.** Þetta er ekki bindandi, en við verðum að hafa þessa tölu til að geta fengið bindandi tilboð í flug og gistingu. Sendið póst á eythorr@centrum.is til að gefa upp ca. fjölda frá ykkar félagi. Við erum að gera ráð fyrir að kostnaður verði í kringum 70.000 kr. (flug, gisting, keppnisgjöld og ferðir). Styrkur KAI til A liðs er 45.000 kr og B liðs 30.000 kr á sænsku mótin.

Smávægilegar breytingar í Landsliðsnefnd:

Vegna anna þá óskaði Jón Ingi Þorvaldsson eftir því að annar nefndarmaður tæki að sér formennsku í landsliðsnefnd, það varð úr að Eyþór Ragnarsson hefur tekið að sér að vera formaður nefndarinnar. Jón Ingi mun samt sem áður starfa áfram í nefndinni. Þessar breytingar munu ekki hafa nein sýnileg áhrif enda hefur landsliðsnefnd starfað í mikilli sátt og samlyndi.

Með baráttukveðju
Landsliðsnefndin

Jonni
Eyþór
Pétur

6 tbl, maí 2010

Litið um öxl

Landsliðið hefur staðið í ströngu nú á vormánuðum þar sem það sótti ein 3 erlend mót. 2 þeirra voru sama daginn í mars, Opna Málmeyjarmótið og Sænska Kata Bikarmótið í Stokkhólmi. Á þessum mót fóru yfir 30 keppendur frá Íslandi. Ekki var því bara um landslið að ræða þar sem þetta voru opin klúbbmót. Sumir voru að keppa í fyrsta skiptið á erlendri grundu, en aðrir orðnir sjóðari. Árangurinn var flottur og ljóst að okkar keppendur sækja í sig veðrið á öllum sviðum. Toppnum var svo náð þegar A landslið Íslands, samtals 8 keppendur, hélt til Tallin í Eistlandi þann 9. Apríl s.l. og þar unnu íslensku keppendurnir til 3 verðlauna og ber þar hæst að sjálfsgöðu fyrsti NM titillinn síðan 1989 þegar Jóhannes Gauti Óttarsson sigraði í Kumite Kadetta -70 kg. Ekki verða tíunduð frekari úrslit úr mótunum hér en bendum á fínar umfjallanir um mótin á vef KAI. www.kai.is



Árangur!!

Árangur kemur ekki af sjálfu sér og eiga keppendur okkar



hrós skilið fyrir elju og vinnusemi s.l. vetur. Landsliðsnefnd hefur reynt að skapa keppendum þá umgjörð sem til þarf til að ná topp árangri. Starfið hefur þróast töluvert og er nú að komast í fastar skorður. Til þess þurftum við að auka æfingar, bæta skipulag og gefa ungum keppendum færi á að keppa erlendis. Við höfum sett fram stíft



